



RANNSÓKNAMIDSTÖÐ  
HÁSKÓLANS Á AKUREYRI

# Óstaðbundin störf Staða og framtíðarhorfur 2023



Febrúar 2024

Unnið fyrir:	Innviðaráðuneytið
Verkefni:	Óstaðbundin störf – Staða og framtíðarhorfur 2023

Dagsetning:	7. febrúar 2024
-------------	-----------------

Framkvæmd:	Sæunn Gísladóttir
Undirbúningur og spurningalisti:	Sæunn Gísladóttir

Gagnaöflun:	Sæunn Gísladóttir
Gagnavinnsla:	Sæunn Gísladóttir
Skýrsla:	Sæunn Gísladóttir
Yfirllestur:	Marta Einarsdóttir

© RHA Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri 2024

Öll réttindi áskilin. Skýrsla þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

RHA-S-02-2024

L-ISSN 1670-8873

# Efnisyfirlit

<b>HELSTU NIÐURSTÖÐUR .....</b>	<b>III</b>
<b>1. INNGANGUR.....</b>	<b>1</b>
<b>2. GREINING Á STÖÐUNNI .....</b>	<b>3</b>
2.1 HVAR ERU RÍKISSTÖRFIN?.....	3
2.2 VEFKÖNNUN.....	4
2.3 GREINING Á STÖRFUM.....	14
<b>3. ÞRÓUN OG FRAMTÍÐARHORFUR .....</b>	<b>29</b>
3.1 AUGLÝSINGAR RÍKISSTOFNANA Á STARFATORGI.....	29
3.2 HÚSNÆÐI FYRIR ÓSTAÐBUNDIN STÖRF .....	29
<b>4. STAÐA Á TILLÖGUM.....</b>	<b>30</b>

# Myndayfirlit

Mynd 1. Landshlutaskeyting stöðugilda ríkisins 31. desember 2022.....	3
Mynd 2. Fjöldi íbúa og fjöldi stöðugilda á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni .....	4
Mynd 3. Hversu líklegt er að stofnunin muni auglýsa/ráða í óstaðbundið starf á næstu 12 mánuðum? .....	5
Mynd 4. Hversu líklegt er að stofnunin muni auglýsa/ráða í óstaðbundið starf á næstu 24 mánuðum? .....	5
Mynd 5. Hversu líklegt er að stofnunin muni auglýsa/ráða í óstaðbundið starf á næstu 24 mánuðum? (2020).....	6
Mynd 6. Auglýsti stofnunin starf sem er óstaðbundið á tímabilinu mars 2020 - mars 2022? ..	7
Mynd 7. Réði stofnunin einstakling í starfið sem staðsettur er á starfsstöð utan veggja ráðuneytisins/stofnunarinnar? .....	7
Mynd 8. Auglýsti stofnunin starf sem er óstaðbundin á tímabilinu apríl 2022 - desember 2023? .....	8
Mynd 9. Réði stofnunin einstakling í starfið sem staðsettur er á starfsstöð utan veggja ráðuneytisins/stofnunarinnar? .....	8
Mynd 10. Sýnishorn af eyðublaði sem stofnanir fengu til útfyllingar .....	14

## Helstu niðurstöður

- Mögulegt væri að auglýsa **12%** starfa ráðuneyta og undirstofnana þeirra á landsvísu sem óstaðbundin nú, samanborið við **10%** í greiningu frá 2020 (sem náði einungis til stofnana á höfuðborgarsvæðinu)
- Þær stofnanir sem skiluðu greiningu árið 2020 og 2023 áætla að auglýsa mætti **15%** starfa óstaðbundin nú, samanborið við **8%** áður
- Háskóla-, iðnaðar-, og nýsköpunarráðuneytið er það ráðuneyti sem telur að hægt sé að auglýsa hæsta hlutfall starfa sem óstaðbundin (**81%**)
- **21%** ríkisstofnana auglýsti óstaðbundin störf á tímabilinu mars 2020 til mars 2022 og **19%** á tímabilinu apríl 2022 til desember 2023
- Ráðinn var einstaklingur í starf sem staðsett er á starfsstöð utan veggja ráðuneytis/stofnunarinnar í **72%** tilfella á tímabilinu mars 2020 til mars 2022 og í **62%** tilfella á tímabilinu apríl 2022 til desember 2023 (í sumum tilfellum er ráðningu ekki lokið)
- **21%** stofnana telur mjög eða frekar líklegt að þær muni auglýsa/ráða í óstaðbundið starf á næstu 12 mánuðum
- **60%** stofnana telja mjög eða frekar ólíklegt að þær muni auglýsa/ráða í óstaðbundið starf á næstu 12 mánuðum
- **29%** stofnana telja mjög eða frekar líklegt að þær muni auglýsa/ráða í óstaðbundið starf á næstu 24 mánuðum
- **49%** stofnana telja mjög eða frekar ólíklegt að þær muni auglýsa/ráða í óstaðbundið starf á næstu 24 mánuðum
- Forsvarsmenn stofnana telja helstu kosti við óstaðbundin störf m.a. vera fleiri umsækjendur, að geta ráðið hæfasta einstaklinginn óháð búsetu, að geta ráðið starfskrafta með mikla sérþekkingu og aukin tengsl við landsbyggðina
- Þá telja þeir gott að fjölga óstaðbundnum störfum, sérstaklega ef þeir sem sinna þeim búa á landsbyggðinni, einnig telja sumir forsvarsmenn að óstaðbundin störf geti verið umhverfis- og fjölskylduvæn
- Óstaðbundin störf geta þó verið tvíeggjað sverð, sumir telja það neikvætt ef óstaðbundin störf myndu leiða til þess að starf á landsbyggðinni færðist á höfuðborgarsvæðið
- Að mati sumra forsvarsmanna á að vera áhersla á að flytja opinber störf frá höfuðborgarsvæðinu og út á land
- Forsvarsmenn stofnana telja helstu annmarka við óstaðbundin störf vera erfiðleika við teymisvinnu og liðsheid, að erfiðara sé að þjálfa starfsfólk, einnig geti fylgt aukinn kostnaður vegna vinnuhúsnæðis og ferðakostnaður sem ekki sé auka fjárveiting fyrir
- Sum störf krefjast staðbundinnar viðveru og vinnustaðamenning getur breyst með óstaðbundnum störfum og erfitt getur verið að taka örfundi og hafa stuttar boðleiðir
- Mikilvægt er talið að skilgreina réttindi starfsmanna og skyldur stofnana þegar kemur að óstaðbundnum störfum. Mikilvægt sé að skilgreina verkefni vel, bæta fræðslu um hvernig megi ná árangri, og breyta viðhorfi til óstaðbundinna starfa
- Þá mætti styðja við óstaðbundin störf, t.d. með styrkjum til leigu atvinnuhúsnæðis og ferðakostnaðar

## 1. Inngangur

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er kveðið á um að til að styðja við byggðapróun og valfrelsi í búsetu verði störf hjá ríkinu ekki staðbundin nema eðli starfsins krefjist þess sérstaklega.

Um verkefnið er fjallað í stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2022–2036, sem samþykkt var af Alþingi í júní 2022. Byggðaáætlunin lýsir stefnu ríkisins í byggðamálum og er ætlað að stuðla að jákvæðri þróun byggða og að efla samkeppnishæfni þeirra sem og landsins alls. Meginmarkmið byggðaáætlunarinnar er að jafna tækifæri allra landsmanna til atvinnu og þjónustu, jafna lífskjör og stuðla að sjálfbærri þróun byggðarlaga um land allt. Sérstök áhersla er lögð á svæði sem búa við langvarandi fólksfækkun, atvinnuleysi og einhæft atvinnulíf.

Margvíslegar áherslur á sviði byggðamála eru tíundaðar í áætluninni sem ýmist leiða til beinna aðgerða eða til samþættingar við aðgerðir í öðrum opinberum áætlunum til að framangreindum markmiðum verði náð. Í þeim hluta áætlunarinnar sem fjallar um að jafna tækifæri til atvinnu er aðgerð B.7. Óstaðbundin störf.

Markmið og lýsing aðgerðar B.7 er eftirfarandi:

Að búsetufrelsi verði eflt með fjölgun atvinnutækifæra og auknum fjölbreytileika starfa á landsbyggðinni. Störf hjá ríkinu verði ekki staðbundin nema eðli starfsins krefjist þess sérstaklega, þannig að búseta hafi ekki áhrif á ráðningar. Tekið verði saman yfirlit um fjölda starfsstöðva/-rýma og fjölda ríkisstarfa sem eru óháð staðsetningu. Í kjölfarið verði sett markmið um fjölgun vinnurýma og óstaðbundinna starfa með sem jafnastri dreifingu um landið. Byggðir verði upp vinnustaðaklasar í samstarfi ríkis, sveitarfélaga og annarra aðila eftir atvikum þannig að góð vinnuaðstaða verði í boði sem víðast um landið. Skoðað verði hvort Byggðastofnun geti boðið lán með veði í slíkum klösum. Settir verði upp samkeppnispottar til að styðja annars vegar við uppbyggingu vinnustaðaklasa og hins vegar við einskiptiskostnað vegna starfa sem staðsett verði í skilgreindum vinnustaðaklösum eða annars staðar utan atvinnusóknar höfuðborgarsvæðisins. Árangur aðgerðarinnar verði metinn út frá fjölda vinnurýma og dreifingu þeirra um landið. Þá verði fylgst með nýtingu þeirra og fjölbreytni starfa.

Verkefninu, sem er í samræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar, er ætlað að sporna við fækkun íbúa á einstökum svæðum og einhæfu atvinnulífi. Samfélagslegt markmið stefnumarkandi byggðaáætlunar er að í öllum landshlutum verði blómlegar byggðir og öflugir byggðakjarnar þar sem stuðlað verði að bættum lífskjörum landsmanna og búsetufrelsi með sem jöfnustu aðgengi að grunnþjónustu, húsnæði og fjölbreyttum atvinnutækifærum.

Í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar skipaði innviðaráðherra þriggja manna framkvæmdahóp til að annast framkvæmd aðgerðarinnar. Hópurinn tók til starfa vorið 2023 og er skipaður eftirtöldum :

- Aðalsteinn Þorsteinsson, fulltrúi innviðaráðherra og formaður hópsins
- Dagný Jónsdóttir, fulltrúi forsætisráðherra
- Einar Mar Þórðarson , fulltrúi fjármála- og efnahagsráðherra

Hólmfríður Sveinsdóttir, verkefnisstjóri byggðaáætlunar starfar með hópnunum.

Fyrir hönd framkvæmdahópsins annaðist Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri (RHA) framkvæmd könnunar sem var send út í desember 2023 og janúar 2024 til ráðuneyta og ríkisstofnana til að greina núverandi stöðu óstaðbundinna starfa. Aflað var upplýsinga um fjölda starfa sem stofnanir töldu að hægt yrði að auglýsa sem óstaðbundin ef þau yrðu laus til umsóknar. Einnig var kannað viðhorf þeirra gagnvart kostum og annmörkum slíks fyrirkomulags og hvort auglýst hefði verið óstaðbundið starf og jafnframt hvort það hefði verið ráðið í slíkt starf óstaðbundið. Svörin voru síðan borin saman við svör við könnun sem lögð var fyrir árið 2020 og birt í skýrslu árið 2021.

## 2. Greining á stöðunni

### 2.1 Hvar eru ríkisstörfin?

Byggðastofnun hefur frá áramótum 2013/2014 gert könnun á staðsetningu starfa á vegum ríkisins. Með störfum á vegum ríkisins er átt við stöðugildi greidd af Fjársýslu ríkisins, stöðugildi hjá opinberum hlutafélögum og stofnunum og stöðugildi hjá stofnunum sem hafa meirihluta rekstrartekna sinna af fjárlögum. Nýjustu tölur um fjölda stöðugilda eru frá 31. desember 2022. Störfin eru mun fleiri en stöðugildin en upplýsingarnar eru settar fram í fjölda stöðugilda. Þá er miðað við hjá hvaða stofnun störfin eru unnin, en ekki hvar viðkomandi starfsmaður býr.

Í árslok 2022 var heildarfjöldi íbúa á Íslandi 387.758 og heildarfjöldi stöðugilda ríkisins 27.694. Fleiri konur skipa ríkisstörf eða 18.015 á móti 9.679 störfum skipuðum körlum. Á árinu 2022 fjölgaði stöðugildum um 365 á landsvísu, eða 1,9%. Taflan sýnir nánara niðurbrot niður á landshluta.

	Stöðu- gildi kvenna	Stöðu- gildi karla	Samtals stöðu- gildi	Breyting frá 31.12.21	Íbúafjöldi 1. jan. 2023	Hlutfall lands- manna	Hlutfall stöðugilda landsins	Hlutfall stöðugilda af íbúafj.	Íbúafjöldi 15-64 ára	Hlutf. stöðug. af íbúafjölda 15-64 ára
Höfuðborgarsvæði	12.694	6.716	19.411	+365 (1,9%)	247.533	63,8%	70,1%	7,8%	166.656	11,6%
Suðurnes	823	788	1.612	+155 (10,6%)	31.049	8,0%	5,8%	5,2%	21.689	7,4%
Vesturland	628	285	912	+41 (4,7%)	17.541	4,5%	3,3%	5,2%	11.186	8,2%
Vestfirðir	306	183	489	+6 (1,2%)	7.379	1,9%	1,8%	6,6%	4.850	10,1%
Norðurland vestra	363	180	543	-12 (-2,2%)	7.432	1,9%	2,0%	7,3%	4.631	11,7%
Norðurland eystra	1.622	663	2.284	+60 (2,7%)	31.792	8,2%	8,2%	7,2%	20.543	11,1%
Austurland	407	211	617	+20 (3,4%)	11.227	2,9%	2,2%	5,5%	7.317	8,4%
Suðurland	1.135	624	1.760	+147 (9,1%)	33.805	8,7%	6,4%	5,2%	22.087	8,0%
Erlendis	36	29	66	+5 (8,2%)	-	-	0,2%	-	-	-
Samtals stöðugildi	18.015	9.679	27.694	+788 (2,9%)	387.758	100%	100%	7,1%	258.959	10,7%


Mynd 1. Landshlutaskipting stöðugilda ríkisins 31. desember 2022<sup>1</sup>

Næsta mynd sýnir þróunina frá 2013/2014 en gögnin koma úr árlegum skýrslum Byggðastofnunar,

[Hvar eru ríkisstörfin?](#)

<sup>1</sup>[https://view.officeapps.live.com/op/view.aspx?src=https%3A%2F%2Fwww.byggdastofnun.is%2Fstatic%2Ffiles%2Fstarfagrein%2Frikisstorf\\_heimasida.xlsx&wdOrigin=BROWSELINK](https://view.officeapps.live.com/op/view.aspx?src=https%3A%2F%2Fwww.byggdastofnun.is%2Fstatic%2Ffiles%2Fstarfagrein%2Frikisstorf_heimasida.xlsx&wdOrigin=BROWSELINK)





Mynd 2. Fjöldi íbúa og fjöldi stöðugilda á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni


Meðaltal síðustu níu ára sýnir að á höfuðborgarsvæðinu búa að jafnaði 64% landsmanna en hlutfall stöðugilda ríkisins þar er 71,3%. Á landsbyggðinni búa 36,2% landsmanna og er hlutfall stöðugilda ríkisins þar 29,9%. Þróunin á milli áronna 2014 og 2022 sýnir að íbúum á höfuðborgarsvæðinu fjölgar um 17,2% en ríkisstörfum fjölgar meira, eða 19,2%. Á landsbyggðinni fjölgar íbúum um 19% og ríkisstörfum fjölgar um 28,5%.

## 2.2 Vefkönnun

RHA lagði fyrir vefkönnun að beiðni framkvæmdastjórnar í desember 2023 og janúar 2024 til að fá fram viðhorf forstöðumanna ríkisstofnana og ráðuneyta til fjölgunar óstaðbundinna starfa. Í formála könnunarinnar er óstaðbundið starf skilgreint sem starf sem er ekki bundið tiltekinni starfsstöð innan veggja stofnunar heldur er hægt að vinna það hvar sem er á landinu, að því gefnu að viðunandi starfsaðstaða sé fyrir hendi. Könnunin var send út til 175 ríkisstofnana á landinu og var svarhlutfallið 80%. Spurt var hversu líklegt væri að stofnunin myndi ráða í óstaðbundið starf á næstu 12 og næstu 24 mánuðum. Einnig var spurt hvort stofnunin hefði auglýst starf sem óstaðbundið á tímabilunum mars 2020 til mars 2022 og apríl 2022 til desember 2023 og ef svo væri hvort stofnunin hefði ráðið einstakling í starfið sem staðsettur væri á starfsstöð utan veggja ráðuneytis/stofnunarinnar. Opnar spurningar voru um hvaða kosti og annmarka stofnanir sæju við að fjölga óstaðbundnum störfum og


Þá gafst svarendum tækifæri til að koma með ábendingar til stjórnvalda. Spurningalistinn byggði á fyrri spurningum sem stuðst var við árið 2020 en einnig viðbótum til að ná fram betri gögnum um stöðu óstaðbundinna starfa.

Niðurstöður úr svörum stofnana má sjá á eftirfarandi myndum:




Mynd 3. Hversu líklegt er að stofnunin muni auglýsa/ráða í óstaðbundið starf á næstu 12 mánuðum?

Um 21% telja mjög eða frekar líklegt að þau muni ráða í óstaðbundið starf á næstu 12 mánuðum en 60% telja það mjög eða frekar ólíklegt.




Mynd 4. Hversu líklegt er að stofnunin muni auglýsa/ráða í óstaðbundið starf á næstu 24 mánuðum?

Um 29% telja mjög eða frekar líklegt að ráðið verði í óstaðbundið starf á næstu 24 mánuðum en 49% telja það mjög eða frekar ólíklegt.




Mynd 5. Hversu líklegt er að stofnunin muni auglýsa/ráða í óstaðbundið starf á næstu 24 mánuðum? (2020)

Þegar könnunin var framkvæmd árið 2020 voru svörin svipuð, en 27% töldu mjög eða frekar líklegt að þau myndu ráða í óstaðbundið starf á næstu 24 mánuðum en 63% töldu það mjög eða frekar ólíklegt. Í könnuninni 2023 var ákveðið að spyrja einnig hvort stofnunin/ráðuneytið hefði auglýst starf sem óstaðbundið á tímabilinu mars 2020 til mars 2022 til að geta borið saman fyrirætlanir við það sem raungerðist.



Mynd 6. Auglýsti stofnunin starf sem er óstaðbundið á tímabilinu mars 2020 - mars 2022?


21% sögðust hafa auglýst óstaðbundið starf á því tímabili, en sem fyrr segir töldu 27% það mjög eða frekar líklegt árið 2020. Það skal þó tekið fram að í fyrri könnuninni voru einungis stofnanir á höfuðborgarsvæðinu en í þessari könnun tóku þátt stofnanir um allt land. Í tilfellum þar sem svarið var annað voru annars vegar engin laus störf á tímabilinu og í hins vegar verkefnaráðið óstaðbundið fólk.



Mynd 7. Réði stofnunin einstakling í starfið sem staðsettur er á starfsstöð utan veggja ráðuneytisins/stofnunarinnar?


Af þeim sem auglýstu óstaðbundið starf á þessu tímabili réðu 72% einstakling í starfið sem staðsettur er á starfsstöð utan veggja ráðuneytis/stofnunar. 21 svaraði þessu játandi. Í einu tilfalli þar sem svarað var annað var manneskja ráðin sem er staðsett í starfsstöð utan höfuðborgarsvæðisins.

Einnig var spurt hvort stofnunin/ráðuneytið hefði auglýst starf sem óstaðbundið á tímabilinu apríl 2022 til desember 2023 til að geta séð hver staðan væri núna.



Mynd 8. Auglýsti stofnunin starf sem er óstaðbundin á tímabilinu apríl 2022 - desember 2023?

19% sögðust hafa auglýst óstaðbundið starf á því tímabili en 78% ekki. Í tilfellinu þar sem svarað var annað voru annars vegar engin störf auglýst á tímabilinu og hins vegar auglýst innanhúss í tilraunverkefni.



Mynd 9. Réði stofnunin einstakling í starfið sem staðsettur er á starfsstöð utan veggja ráðuneytisins/stofnunarinnar?

Af þeim sem auglýstu óstaðbundið starf á þessu tímabili réðu 62% einstakling í starfið sem staðsettur er á starfsstöð utan veggja ráðuneytisins/stofnunar. Sextán svöruðu þessu játandi. Í einhverjum tilfellum var svarað annað þar sem ráðningin var enn í ferli.

Samandregnar niðurstöður úr opnum spurningum um kosti, annmarka og ábendingar eru eftirfarandi:

Þegar spurt var hvaða kosti stofnanirnar sjá við það að fjölga óstaðbundnum störfum komu svipuð þemu upp og þegar könnunin var síðast framkvæmd fyrir rúmum þremur árum. Fólk nefndi gjarnan kostinn við að geta með þessu móti fengið fleiri umsækjendur og ráðið til sín hæfasta einstaklinginn í starfið, óháð því hvar viðkomandi býr.

---

*Meiri möguleiki fyrir stofnanir að nýta sér starfskrafta fólks með mikla sérþekkingu án þess að þurfa að huga að vinnuaðstöðu eða búsetu fyrir viðkomandi þar sem starfsmaður vinnur annað hvort heiman frá sér eða á sérhæfðu skrifstofuhóteli eins og víða er búið að koma upp.*

---

Margir sáu kosti við að fjölga óstaðbundnum störfum og nefndi forsvarsmaður einnar stofnunar að til að fjölga óstaðbundnum störfum þá sjái stofnunin það fyrir sér að byrja á því að spyrja áður en hvert starf er auglýst hvort að það sé möguleiki á að sinna því óstaðbundið og munu þau störf þá auglýst sem slík.

Byggðasjónarmið komu skýrt fram í svörum, forsvarsmaður einnar stofnunar nefndi að kosturinn við að fjölga óstaðbundnum störfum væri aukin tengsl við landsbyggðina. Jafnframt nefndu aðrir forsvarsmenn að það væri gott að fjölga óstaðbundnum störfum, sérstaklega ef þeir sem sinna störfunum eru búsettir á landsbyggðinni. Þannig væri hægt að jafna búsetu, verja búsetufrelsi starfsmanna ríkisins og auka hreyfanleika ríkisstarfsmanna. Þá væri einnig möguleiki að fjölga með þessu móti ríkisstörfum á landsbyggðinni. Þó var ítrekað að það þyrfti að ráða hæfasta einstaklinginn hverju sinni.

---

*Óstaðbundið starf er háð þeim einstaklingum sem þeim sinna. Ef hæfasti einstaklingurinn færir fram á óstaðbundið starf yrði sjálfsagt að reyna að verða við því en hingað til hafa fáir sótt um sérfræðingsstörf sem krefjast ákveðinnar þekkingar með það í huga að hafa það óstaðbundið.*

---

Einnig bentu nokkrir forsvarsmenn stofnana á landsbyggðinni á að þetta væri tvíeggjað sverð, þannig gæti orðið neikvætt ef óstaðbundin störf myndu leiða til þess að starf á landsbyggðinni færðist á höfuðborgarsvæðið.

---

*Nú ímynda ég mér að stefna stjórnvalda miðist að því að styrkja landsbyggðina því höfuðborgarsvæðið hefur haft mjög sterkt aðdráttarafl. Því finnst mér að það eigi ekki það sama að gilda um stofnanir sem eru á landsbyggðinni því ef þær auglýsa störf án staðsetningar yrði það ekki til að styrkja landsbyggðina heldur eykur það líkur á að fólk flytji á höfuðborgarsvæðið. Ef öll störf verða án staðsetningar sem tæknilega er hægt að hafa í þeirri útfærslu yrði veruleg hætta á því að starfsfólki myndi fækka verulega sem kysi að búa á landsbyggðinni.*

---

Það væri áhugaverður kostur ef að heimild fengist til að beina auglýsingum um óstaðbundin störf sérstaklega að fólki sem býr utan höfuðborgarsvæðisins.

Talað var um að óstaðbundin störf gætu verið fjölskylduvæn og komið til móts við fjölbreyttar þarfir og breytingu á fjölskylduhögum. Óstaðbundin störf gætu leitt til meiri samvinnu stofnana og styrkt starfsstöðvar stofnana sem eru með nokkrar starfsstöðvar víða um landið.

Þá var nefnt að óstaðbundnir starfsmenn gætu verið ánægðari og óstaðbundið starf gæti verið umhverfisvænna og sparað tíma og ferðakostnað til vinnu. Slík störf gætu sparað pláss, kostnað og umsýslu en þetta var einnig nefnt síðast þegar könnunin var framkvæmd. Áhugavert er þó að líkt og síðast voru þessi atriði einnig nefnd sem mögulegir annmarkar, sjá nánar hér síðar.

Einn stjórnandi kom með þá hugmynd að með óstaðbundnum störfum mætti standa að ráðningu með annarri stofnun og þannig samnýta sérhæfða starfsmenn sem þörf er á en ekki ráðrúm til að ráða í stórt vinnuhlutfall. Dæmi um slíkt væru kerfisstjórn, tölvuþjónusta, persónuverndarmál, skjalamál og jafnvel fjármál og bókhald.

Líkt og síðast þegar könnunin var framkvæmd sáu nokkuð margir enga kosti við að fjölga óstaðbundnum störfum hjá sinni stofnun, s.s. vegna eðli starfseinnar. Nokkuð margir forsvarsmenn framhaldsskóla með staðnám tóku þátt í könnuninni og sögðu fáa kosti við að fjölga óstaðbundnum störfum í þeim stofnunum þar sem þær sinni þjónustu við fólk sem er á staðnum.

---

*Reynsla af óstaðbundnum störfum fyrir stofnunina sem framhaldsskóla hefur ekki verið nægilega góð. Þjónusta við nemendur er mun síðri og starfsfólkið í minni tengslum við stofnunina og nemendur.*

---

Varðandi annmarka nefndu margir teymisvinnu og samstarf, erfiðara væri að þjálfa starfsfólk og að viðhalda liðsheild. Einnig var nefnt sem annmarki að sum störf krefjist líkamlegrar viðveru og nándar til dæmis störf kennara í framhaldsskólum. Þá nefndu einhverjir að þeirra störf, t.d. lögreglu- og dómsstörf væru einfaldlega þannig í eðli sínu að ekki væri hægt að sinna þeim óstaðbundið. Það á þó ekki við um öll störf. Hins vegar getur komið upp sú staða að ekki sé hægt að auglýsa starf óstaðbundið þó sinna megi einhverjum verkefnum innan starfsins þannig.

---

*Annmarkarnir eru þeir í okkar tilviki að hér þarfa að sinna ákveðnum opnunartíma þ.e. viðveru á staðnum. Aftur á móti eru ýmis störf sem gætu vel verið unnin í fjarvinnu. Við vinnum þannig stundum t.d. yfir vetrarmánuðina. Þetta er skráningarvinna í Sarp og í Gegni. Þetta eru verkefni sem hægt er að vinna í fjarvinnu en aftur á móti er mikilvægt að starfsfólk vinni grunnvinnuna á staðnum en mögulegt er að skrá ítarupplýsingar í fjarvinnu. Við höfum ekki burði til að auglýsa eftir starfsfólki sérstaklega í þessi verkefni. Þau eru hluti af verkefnum starfsfólksins á staðnum*

---

Þá var nefnt að vinnustaðamenning geti breyst með innleiðingu óstaðbundinna starfa. Vísað var í reynslu á tímum Covid þegar sagt var að stjórnunarlegir annmarkar væru við fyrirkomulagið þar sem erfitt hefði verið að hafa starfsfólk í fjarvinnu í faraldrinum. Þá var talað um að erfitt væri að hafa ekki stuttar boðleiðir eða geta ekki átt örfundi..

---

*Starfið er þannig að starfsmenn hafa mikil samskipti sín á milli, fljótverkara er að eiga spjall við þann sem er á staðnum.*

---

Bent var á mikilvægi þess að þjálfa starfsfólk upp til að vinna virkt í fjarvinnu, það þurfi að gera markvisst. Líkt og síðast þegar könnunin var framkvæmd var fjallað um mikilvægi félagslega þáttarins og að tryggja að starfsmenn einangrist ekki. Starfsfólk í óstaðbundnum störfum geti verið minna tengt stofnuninni, lagt minna til framtíðarsýnar og mótunar verkefna og haft minni yfirsýn yfir önnur störf og starfsemi á vinnustað.

Líkt og kom upp að ofan óttast einhverjir að óstaðbundin störf muni rata til höfuðborgarsvæðisins.



---

*Helstu annmarkarnir eru þeir að búsetufrelsi hæfustu umsækjendanna fer ekki alltaf saman við þá hagsmuni að halda landinu í byggð. Reglan um ráðningu hæfasta umsækjandans mun á endanum leiða til þess að allir hinir hæfustu búa á höfuðborgarsvæðinu. Þess vegna þarf að taka inn fleiri breytur við mat á umsækjendum, sbr. sjónarmið sem talin eru málefnaleg til að ná markmiðum stjórnvalda.*

---

Líkt og síðast þegar könnunin var framkvæmd nefndu margir aukinn kostnað sem annmarka, bæði vegna vinnuhúsnæðis fyrir starfsfólk og ferðakostnaðar og bentu á að engin aukafjárveiting fylgi vegna þess. Margt þurfi að skilgreina betur.

---

*Svo margt sem þarf að skilgreina betur s.s. hver ber kostnaðinn af því ef starfsmaður þarf að koma á aðal starfsstöð stofnunarinnar og hver ber kostnaðinn og fylgist með starfsaðstæðum viðkomandi ef hann er í óstaðbundnu starfi. Flest tilfelli þarf að skoða eitt og sér þegar þau koma upp og það getur orsakað mismunun á milli starfsmanna innan stofnunar ef sumir geta verið t.d. erlendis að sinna starfinu en næstum allir eru fastir á heimastöðinni. En allt hlutir sem þarf að ræða, skoða og útfæra.*

---

Þá benti einn stjórnandi á að það skorti miðlægar reglur varðandi ferðakostnað o.fl.

Einnig var bent á öryggi gagna sem er ekki tryggt þegar unnið er utan starfsstöðvar og kostnað við að tryggja gagnaöryggi. Huga þurfi að eðli starfa m.t.t. öryggis þeirra gagna sem verið er að vinna með innan ríkisgeirans, t.d. hver sé öryggisflokkun þeirra og hvenær ásættanlegt sé að vinna þau störf utan starfsstöðvar.

Einhverjir svarendur sáu enga annmarka á óstaðbundnum störfum ef það næst að viðhalda starfsanda og vera í góðum og miklum tengslum. Þá var lögð fram sú tillaga að koma upp stærri kjörnum þar sem jafnvel margar stofnanir koma saman og vinna, til að sporna gegn félagslegri einangrun starfsmanna í óstaðbundnum störfum.

Að endingu var gefinn kostur á að koma á framfæri öðrum ábendingum til stjórnvalda í vefkönnuninni varðandi óstaðbundin störf. Þar fullyrti einn stjórnandi að um mikið framfaraskref væri að ræða.

---

*Um er að ræða gríðarlega mikilvægt framfaraskref í átt að jöfnun aðgengis allra landsmanna til atvinnu og búsetu.*

---

Þá var ákall um skilgreiningar á réttindum starfsmanna og skyldum stofnana hvað þetta fyrirkomulag varðar, einnig þurfi að auka fræðslu og skilgreina hvernig ná megi árangri. Skilgreina þurfi verkefnin vel og breyta viðhorfi til óstaðbundinna starfa.

---

*Það vantar eitthvað afl til að tengja klasana, verkefnin og tímabundnu störfin við framkvæmd fjármálaáætlunar og fjárlaga. Samhliða þarf að breyta viðhorfi lykilstarfsfólks Stjórnarráðsins til framgangs verkefna um fjölgun óstaðbundinna starfa/fjölgun starfa á landsbyggðinni. Vandinn er sá að á meðan ekki liggja fyrir skýrar og gagnsæjar leiðbeiningar um framkvæmd og fjármögnun þá er ekki við því að búast að hlutirnir gerist að sjálfu sér.*

---

Margar tillögur voru lagðar fram er sneru að því að auka fjárhagslegan stuðning við óstaðbundin störf. Enda töluðu margir forsvarsmenn stofnana um annmarka þess aukakostnaðar sem þessu fyrirkomulagi getur fylgt. Til dæmis nefndi einn þeirra að prófað var á tímabili að hafa einn sérfræðing á Akureyri (en stofnunin er staðsett á höfuðborgarsvæðinu) en ferðakostnaðurinn sem því fylgdi varð því miður allt of mikill. Þá vöktu forsvarsmenn einnar stofnunar athygli á því í tölvupósti að reglulega sé niðurskurður á fjárveitingum ríkisstofnana hvað varðar ferðakostnað.

Í svipuðu samhengi var lagt til að stofnanir styrktu óstaðbundna starfsmenn til að leigja sér húsnæði.

---

*Það þarf að ganga frá reglum um tryggingar og aðbúnað þessa starfsfólks, sér í lagi þegar þeim er ekki tryggð starfsaðstaða utan heimilis. Það gæti verið akkur í því að veita styrki til stofnana til að standa straum af leigu á skrifstofuhúsnæði fyrir þessa einstaklinga en það kann að vera að það sem sýnist vera kostnaðarauki dragi úr áhuga stofnana á að fjölga þessum störfum.*

---

Einnig var lagt til í þessu samhengi að aukakostnaður vegna óstaðbundinna starfa yrði greiddur úr sérstökum sjóði.

Þá lagði einn þeirra sem tók könnunina, sem hafði efasemdir um óstaðbundin störf ef þau myndu leiða til þess að þau yrðu meira og minna á höfuðborgarsvæðinu, til að gefnar yrðu út skýrar leiðbeiningar um hvort það sama eigi að gilda um stofnanir utan höfuðborgarsvæðisins og á höfuðborgarsvæðinu. Í svipaðan streng tók annar þátttakandi.

---

*Áherslan á að vera á að flytja opinber störf frá höfuðborgarsvæðinu og út á land, ekki þynna sérfræðipekkinguna meira úti á landi*

---

## 2.3 Greining á störfum

Til viðbótar við vefkönnunina var kallað eftir greiningu á stöðugildum stofnananna. Fólst greiningin í því að skipta stöðugildum stofnana upp í starfsheiti eða starfshópa og meta hvort störfin krefjast persónulegrar viðveru eða hvort hægt sé að inna þau af hendi í fjarvinnu og þá hversu mörg stöðugildi séu þannig í hverju starfsheiti. Að mati þeirra 111 stofnana sem skiluðu greiningu væri mögulegt að auglýsa 1444 störf óstaðbundin, þ.e. 12% stöðugilda þeirra stofnana samanlagt. Þetta er hækkun miðað við árið 2020 þegar 10% stöðugilda mátti auglýsa óstaðbundin, en einungis stofnanir á höfuðborgarsvæðinu tóku þátt þá. Sé borið saman hlutfall óstaðbundinna starfa í stofnunum sem tóku þátt í greiningunni árið 2020 og 2023 var hlutfallið **8%** 2020 en **15%** 2023. Af þeim stofnunum sem skiluðu greiningu árið 2020 og 2023 segjast flestar (28) nú að þær telji að auglýsa megi hærra hlutfall starfa óstaðbundið en áður. Margar (21) telja þó að það megi auglýsa lægra hlutfall starfa sem óstaðbundin en áður.

Myndin að neðan sýnir brot úr eyðublaðinu (excel skjali) sem stofnanir notuðu við greiningu starfa.

Heiti stofnunar:						
Starfsheiti	Fjöldi	Krefst starfið persónulegrar þjónustu við notendur sem verður að veita á staðnum og ekki er hægt eða æskilegt að veita í gegnum síma eða net? (t.d. heilbrigðisstarfsfólk, löggæsla)	Krefst starfið viðveru á tilteknu svæði? (t.d. rástingar, mótuneyti, framkvæmdir og viðhald)	Telur þú raunhæft að auglýsa starfið/störfin óstaðbundin?	Samtals fjöldi óstaðbundinna stöðugilda	Hluti hóps í hverju starfsheiti sem talið er að hægt sé að auglýsa óstaðbundið (sjálvirkur útreikningur)
		<i>Já/nei/að hluta</i>	<i>Já/nei/að hluta</i>	<i>Já/nei/að hluta</i>		%
Framhaldsskólakennari	20	Já	Nei	Nei	2	10%
Lögfræðingur	5	Já	Nei	Nei	1,5	30%
Bókari	1	Já	Já	Já	1	100%

Mynd 10. Sýnishorn af eyðublaði sem stofnanir fengu til útfyllingar

Hér á eftir koma niðurstöður greininga stofnana á því hve mörg stöðugildi væri hægt að auglýsa sem óstaðbundin. Niðurstöður eru settar fram í töflu fyrir hvert ráðuneyti og undirstofnanir þeirra og hlutfallið frá 2020 er einnig sett fram þar sem þær tölur eru tiltækar. Þegar um ný ráðuneyti er að ræða er ekki samanburður milli ára en þegar kemur að ráðuneytum þar sem urðu minni breytingar á málaflokkum er gefin upp breyting milli ára.

### Dómsmálaráðuneytið

Fjöldi stofnana sem óskað var eftir greiningu frá að meðtöldu ráðuneytinu var 38. Af þeim skiluðu 22 greiningu, eða 58%. Niðurstaða greiningar sýndi að til greina kæmi að auglýsa 6% starfa sem óstaðbundin, sjá nánar í töflunni hér að neðan:

Stofnun	Heildarfjöldi stöðugilda í stofnun	Fjöldi stöðugilda sem talið er að hægt sé að auglýsa sem óstaðbundin	Hlutfall 2023	Hlutfall 2020
Dómsmálaráðuneytið	51	7	14%	42%
Dómstólasýslan				0%
Fangelsismálastofnun ríkisins	184	15	8%	
Héraðsdómur Austurlands				
Héraðsdómur Norðurlands eystra				
Héraðsdómur Norðurlands vestra				
Héraðsdómur Reykjaness	20	0	0%	
Héraðsdómur Reykjavíkur				3%
Héraðsdómur Suðurlands	6	0	0%	
Héraðsdómur Vestfjarða				
Héraðsdómur Vesturlands	3	2	67%	
Héraðssaksóknari	60	0	0%	0%
Hæstiréttur Íslands				0%
Landhelgisgæsla Íslands	236	28	12%	2%
Landskjörstjórn	5	0	0%	
Landsréttur				0%
Lögreglustjórinn á Austurlandi	35	0	0%	
Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu	465	0	0%	0%
Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra	85,4	0	0%	
Lögreglustjórinn á Norðurlandi vestra	25	1,2	5%	
Lögreglustjórinn á Suðurlandi	83	17	20%	
Lögreglustjórinn á Suðurnesjum				
Lögreglustjórinn á Vestfjörðum	31	0	0%	
Lögreglustjórinn á Vesturlandi				
Lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum				
Persónuvernd				11%
Ríkislögreglustjóri	255	23	9%	0%
Ríkissaksóknari	18	0	0%	13%
Sýslumaðurinn á Austurlandi	11,5	0	0%	
Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu				

Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra	26	2	8%	
Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra	23	0	0%	
Sýslumaðurinn á Suðurlandi				
Sýslumaðurinn á Suðurnesjum	18	6	33%	
Sýslumaðurinn á Vestfjörðum				
Sýslumaðurinn á Vesturlandi	17	0	0%	
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum				
Útlendingastofnun	106	3	3%	1%
<b>Samtals</b>	<b>1763,9</b>	<b>104,2</b>	<b>6%</b>	<b>2%</b>

## Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið

Fjöldi stofnana sem óskað var eftir greiningu frá að meðtöldu ráðuneytinu var 9. Fjögur af þeim skiluðu greiningu, eða 44%. Niðurstaða greiningar sýndi að til greina kæmi að auglýsa 10% starfa sem óstaðbundin, sjá nánar:

Stofnun	Heildarfjöldi stöðugilda í stofnun	Fjöldi stöðugilda sem talið er að hægt sé að auglýsa sem óstaðbundin	Hlutfall 2023	Hlutfall 2020
Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið	57	4	7%	Félagsmálaráðuneyti 2%
Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála				11%
Ríkissáttasemjari				0%
Tryggingastofnun ríkisins	106	4	4%	5%
Umboðsmaður skuldara				0%
Úrskurðarnefnd velferðarmála				0%
Vinnueftirlit ríkisins	59	9	15%	28%
Vinnumálastofnun				18%
Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón og heyrnarskerðingu	50	9	18%	29%
<b>Samtals</b>	<b>272</b>	<b>26</b>	<b>10%</b>	<b>9%</b>

## Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Fjöldi stofnana sem óskað var eftir greiningu frá að meðtöldu ráðuneytinu var 11. Sex af þeim skiluðu greiningu, eða 55%. Niðurstaða greiningar sýndi að til greina kæmi að auglýsa 11% starfa sem óstaðbundin, sjá nánar:

Stofnun	Heildarfjöldi stöðugilda í stofnun	Fjöldi stöðugilda sem talið er að hægt sé að auglýsa sem óstaðbundin	Hlutfall 2023	Hlutfall 2020
Fjármála- og efnahagsráðuneytið	95	21	22%	7%
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins				0%
Bankasýsla ríkisins				
Fjársýsla ríkisins	81	14	17%	20%
Framkvæmdasýslan – Ríkiseignir*	76	15	20%	11-12%
Ríkisendurskoðun**				
Ríkiskaup	23	23	100%	16%
Seðlabanki Íslands				
Skatturinn	464	0	0%	4%
UMBRA, þjónustumiðstöð Stjórnarráðsins	9	7	78%	17%
Yfirsattanefnd				22%
<b>Samtals</b>	<b>748</b>	<b>80</b>	<b>11%</b>	<b>6%</b>

\*Framkvæmdasýslan - Ríkiseignir er sameinuð stofnun Framkvæmdasýslu ríkisins og Ríkiseigna, stofnanirnar voru tvær síðast og áætluðu að óstaðbundin störf væru 11% og 12%.

\*\*Ríkisendurskoðun telst ekki til ráðuneyta eða stofnana framkvæmdavaldsins. Hins vegar var talinn fengur í því ef stofnunin gæti skilað greiningu og því var henni boðið að taka þátt í henni og að svara könnuninni.

## Forsætisráðuneytið

Fjöldi stofnana sem óskað var eftir greiningu frá að meðtöldu ráðuneytinu var 10. Sex af þeim skiluðu greiningu, eða 60%. Niðurstaða greiningar sýndi að til greina kæmi að auglýsa 16% starfa sem óstaðbundin, sjá nánar:

Stofnun	Heildarfjöldi stöðugilda í stofnun	Fjöldi stöðugilda sem talið er að hægt sé að auglýsa sem óstaðbundin	Hlutfall 2023	Hlutfall 2020
Forsætisráðuneytið	42,5	10	24%	8%
Alþingi*				
Embætti forseta Íslands*	10	0	0%	
Hagstofa Íslands	120	13	11%	9%
Jafnréttisstofa	8	8	100%	
Óbyggðanefnd	3	0	0%	
Ríkislögmaður	11	0	0%	0%
Seðlabanki Íslands				
Umboðsmaður Alþingis*				
Umboðsmaður barna				25%
<b>Samtals</b>	<b>194,5</b>	<b>31</b>	<b>16%</b>	<b>8%</b>

\*Alþingi, Embætti forseta Íslands og Umboðsmaður Alþingis teljast ekki til ráðuneyta eða stofnana framkvæmdavaldsins. Hins vegar var talinn fengur af því ef þessar stofnanir gætu skilað greiningu og því var þeim boðið að taka þátt í henni og að svara könnuninni.



## Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið

Fjöldi stofnana sem óskað var eftir greiningu frá að meðtöldu ráðuneytinu var 11. Sex af þeim skiluðu greiningu, eða 55%. Niðurstaða greiningar sýndi að til greina kæmi að auglýsa 13% starfa sem óstaðbundin, sjá nánar:

Stofnun	Heildarfjöldi stöðugilda í stofnun	Fjöldi stöðugilda sem talið er að hægt sé að auglýsa sem óstaðbundin	Hlutfall 2023	Hlutfall 2020
Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið	36	29	81%	Á ekki við - ráðuneyti ekki til þá
Fjarskiptastofa				
Háskóli Íslands	1821	204	11%	0%
Háskólinn á Akureyri				
Hólaskóli - Háskólinn á Hólum				
Hugverkastofan	31	24,5	79%	
Landbúnaðarháskóli Íslands	96	8,2	9%	97%
Menntasjóður námsmanna				0%
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins	4	4	100%	
Rannsóknamiðstöð Íslands (Rannís)	68	5,5	8%	0%
Tilraunastöð Háskólans að Keldum				
<b>Samtals</b>	<b>2056</b>	<b>275,2</b>	<b>13%</b>	<b>Á ekki við - ráðuneyti ekki til þá</b>

## Heilbrigðisráðuneytið

Fjöldi stofnana sem óskað var eftir greiningu frá að meðtöldu ráðuneytinu var 15. Ellefu af þeim skiluðu greiningu, eða 73%. Niðurstaða greiningar sýndi að til greina kæmi að auglýsa 9% starfa sem óstaðbundin, sjá nánar:

Stofnun	Heildarfjöldi stöðugilda í stofnun	Fjöldi stöðugilda sem talið er að hægt sé að auglýsa sem óstaðbundin	Hlutfall 2023	Hlutfall 2020
Heilbrigðisráðuneytið	58	41	71%	8%
Embætti landlæknis	72	17	24%	3%
Geislavarnir ríkisins	11	1	9%	10%
Heilbrigðisstofnun Austurlands				
Heilbrigðisstofnun Norðurlands	443,4	42,3	10%	
Heilbrigðisstofnun Suðurlands	462,3	13,5	3%	
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja				
Heilbrigðisstofnun Vestfjarða	308	7,9	3%	
Heilbrigðisstofnun Vesturlands	530	6	1%	
Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins	174	40	23%	22%
Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	22	0,5	2%	2%
Landspítali				
Lyfjastofnun				92%
Sjúkrahúsið á Akureyri	885,4	18,6	2%	
Sjúkratryggingar Íslands	141	91	65%	5%
<b>Samtals</b>	<b>3107,1</b>	<b>278,78</b>	<b>9%</b>	<b>21%</b>

## Innviðaráðuneytið

Fjöldi stofnana sem óskað var eftir greiningu frá að meðtöldu ráðuneytinu var 8. Sjö af þeim skiluðu greiningu, eða 88%. Niðurstaða greiningar sýndi að til greina kæmi að auglýsa 27% starfa sem óstaðbundin, sjá nánar:

Stofnun	Heildarfjöldi stöðugilda í stofnun	Fjöldi stöðugilda sem talið er að hægt sé að auglýsa sem óstaðbundin	Hlutfall 2023	Hlutfall 2020
Innviðaráðuneytið	42	23	55%	Samgöngu- og sveitarstjórnar-ráðuneyti 40%
Byggðastofnun	28	6	21%	
Húsnæðis- og mannvirkjastofnun				
Rannsóknarnefnd samgönguslysa	7	7	100%	0%
Samgöngustofa	149	54,5	37%	35%
Skipulagsstofnun	27	8,5	31%	
Vegagerðin	356	63	18%	19%
Þjóðskrá Íslands	56	20	36%	70%
<b>Samtals</b>	<b>665</b>	<b>182</b>	<b>27%</b>	<b>35%</b>

## Matvælaráðuneytið

Fjöldi stofnana sem óskað var eftir greiningu frá að meðtöldu ráðuneytinu var 6. Fjórar af þeim skiluðu greiningu, eða 67%. Athugið að þegar könnunin var send út var ekki búið að sameina Landgræðsluna og Skógrækt ríkisins í Land og skóg. Niðurstaða greiningar sýndi að til greina kæmi að auglýsa 36% starfa sem óstaðbundin, sjá nánar:

Stofnun	Heildarfjöldi stöðugilda í stofnun	Fjöldi stöðugilda sem talið er að hægt sé að auglýsa sem óstaðbundin	Hlutfall 2023	Hlutfall 2020
Matvælaráðuneytið	48	14	29%	Á ekki við - ráðuneytið ekki til þá
Fiskistofa				91%
Hafrannsóknastofnun - Rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna	187	66	35%	7%
Landgræðsla ríkisins				
Matvælastofnun	107	40	37%	
Skógræktin	63,6	28	44%	
<b>Samtals</b>	<b>405,6</b>	<b>148</b>	<b>36%</b>	<b>Á ekki við - ráðuneytið ekki til þá</b>

## Menningar- og viðskiptaráðuneytið

Fjöldi stofnana sem óskað var eftir greiningu frá að meðtöldu ráðuneytinu var 21. Af þeim skiluðu 13 greiningu, eða 62%. Niðurstaða greiningar sýndi að til greina kæmi að auglýsa 16% starfa sem óstaðbundin, sjá nánar:

Stofnun	Heildarfjöldi stöðugilda í stofnun	Fjöldi stöðugilda sem talið er að hægt sé að auglýsa sem óstaðbundin	Hlutfall 2023	Hlutfall 2020
Menningar- og viðskiptaráðuneytið	42	12	29%	Á ekki við - ráðuneyti ekki til þá
Ferðamálastofa	25	13	52%	75%
Fjölmiðlanefnd	5	0,5	10%	0%
Gljúfrasteinn: hús skáldsins				
Hljóðbókasafn Íslands	7	0	0%	
Íslenski dansflokkurinn				0%
Kvikmyndamiðstöð Íslands	8	4	50%	
Kvikmyndasafn Íslands				
Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn	77	6,5	8%	
Listasafn Einars Jónssonar	3	0	0%	0%
Listasafn Íslands	24,7	0	0%	10%
Miðstöð íslenskra bókmennta				0%
Náttúruminjasafn Íslands	9,6	4	42%	65%
Neytendastofa	10	0	0%	
Samkeppniseftirlitið				
Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarkertra	23	3,3	14%	24%
Sinfóníuhljómsveit Íslands				1%
Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum				
Þjóðleikhúsið				5%
Þjóðminjasafn Íslands	51	6	12%	
Þjóðskjalasafn Íslands	45	2	4%	6%
<b>Samtals</b>	<b>330,3</b>	<b>51,3</b>	<b>16%</b>	<b>Á ekki við - ráðuneyti ekki til þá</b>

## Mennta- og barnamálaráðuneytið

Fjöldi stofnana sem óskað var eftir greiningu frá að meðtöldu ráðuneytinu var 31. 23 af þeim skiluðu greiningu, eða 74%. Niðurstaða greiningar sýndi að til greina kæmi að auglýsa 5% starfa sem óstaðbundin, sjá nánar:

Stofnun	Heildarfjöldi stöðugilda í stofnun	Fjöldi stöðugilda sem talið er að hægt sé að auglýsa óstaðbundin	Hlutfall 2023	Hlutfall 2020
Mennta- og barnamálaráðuneytið	72	8	11%	Á ekki við - ráðuneyti ekki til þá
Barna- og fjölskyldustofa	149	7	5%	
Borgarholtsskóli	143	0	0%	
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	71	12,5	18%	
Fjölbrautaskóli Snæfellinga	26,3	3	11%	
Fjölbrautaskóli Suðurlands				15%
Fjölbrautaskóli Suðurnesja				
Fjölbrautaskóli Vesturlands				
Fjölbrautaskólinn Ármúla	115,7	2	2%	6%
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	133,3	0	0%	0%
Fjölbrautarskólinn í Garðabæ	64,6	0	0%	3%
Flensborgarskóli				34%
Framhaldsskólinn á Húsavík				0%
Framhaldsskólinn á Laugum	25,3	0,8	3%	
Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu	35	11	31%	
Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ	30,8	1	3%	2%
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum				
Kvennaskólinn í Reykjavík	74	1,9	3%	0%
Menntamálastofnun*				62%
Menntaskólinn að Laugarvatni	37,1	1,3	4%	
Menntaskólinn á Akureyri	69	2	3%	
Menntaskólinn á Egilsstöðum	56	2,8	5%	
Menntaskólinn á Ísafirði	51	0,8	1%	
Menntaskólinn á Tröllaskaga	27	10,8	40%	

Menntaskólinn í Kópavogi	99	8,8	9%	0%
Menntaskólinn í Reykjavík	86,1	1,2	1%	4%
Menntaskólinn við Hamrahlíð				0%
Menntaskólinn við Sund	68	3,5	5%	
Ráðgjafar- og greiningarstöð	65	0	0%	0%
Verkmenntaskóli Austurlands	36	2	6%	
Verkmenntaskólinn á Akureyri	147,4	1,9	1%	
<b>Samtals</b>	<b>1681,4</b>	<b>82,2</b>	<b>5%</b>	<b>Á ekki við - ráðuneyti ekki til þá</b>

\*Í ljósi þess að Menntamálastofnun verður lögð niður frá og með 1. apríl 2024 hefur stofnunin eðli máls samkvæmt ekki sent inn svör/greiningu starfa fyrir stofnunina.

## Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

Fjöldi stofnana sem óskað var eftir greiningu frá að meðtöldu ráðuneytinu var 14. Átta af þeim skiluðu greiningu, eða 57%. Niðurstaða greiningar sýndi að til greina kæmi að auglýsa 51% starfa sem óstaðbundin, sjá nánar:

Stofnun	Heildarfjöldi stöðugilda í stofnun	Fjöldi stöðugilda sem talið er að hægt sé að auglýsa sem óstaðbundin	Hlutfall 2023	Hlutfall 2020
Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið	46	31	67%	Umhverfis- og auðlindaráðuneyti 10%
Íslenskar orkurannsóknir				0%
Landmælingar Íslands	23	18	78%	
Minjastofnun Íslands	23	16	70%	50%
Náttúrufræðistofnun Íslands	53	9,5	18%	7%
Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn	2	0	0%	
Orkustofnun				
Stofnun Vilhálms Stefánssonar	10	3,5	35%	
Umhverfisstofnun	127	84	66%	96%
Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála				27%
Úrvinnslusjóður				0%
Vatnajökulsþjóðgarður	55,8	9,8	18%	0%
Veðurstofa Íslands				
Þjóðgarðurinn Þingvöllum				
<b>Samtals</b>	<b>339,8</b>	<b>171,75</b>	<b>51%</b>	<b>38%</b>



## **Utanríkisráðuneytið**

Utanríkisráðuneytið hefur ákveðna sérstöðu þar sem ráðuneytið hefur ekki undirstofnanir.

Ráðuneytið vann hins vegar greiningu á störfum innan ráðuneytisins. Af 196 starfsmönnum er talið að hægt sé að auglýsa 14 störf sem óstaðbundin sem gera 7% (árið 2020 var hlutfallið 30%).

### 3. Þróun og framtíðarhorfur

Greining starfa hér að framan leiðir í ljós að í heildina ætti að vera hægt að auglýsa um 12% starfa hjá stofnunum og ráðuneytum sem óstaðbundin.

Til að það gerist þurfa þó störfin að losna svo hægt sé að auglýsa þau laus til umsóknar. Alls töldu 60% þeirra forsvarsmanna stofnana sem tóku þátt í vefkönnuninni frekar eða mjög ólíklegt að stofnunin muni auglýsa/ráða í óstaðbundið starf á næstu 12 mánuðum og 49% á næstu 24 mánuðum. Þrátt fyrir að unnið sé að því að auka fjölbreytni starfa á landsbyggðinni þarf alltaf að miða að því að hæfasti umsækjandi hljóti starfið óháð búsetu.

#### 3.1 Auglýsingar ríkisstofnana á Starfatorgi


Sú breyting hefur verið gerð á ráðningarkerfi ríkisins, Starfatorgi, að við skráningu lausra starfa er boðið upp á að haka við að starfið sé óstaðbundið og birtist það þannig á vef Starfatorgs.

Árið 2023 voru 3339 störf auglýst í ráðningakerfi ríkisins. Af þessum störfum voru 1872 eingöngu á höfuðborgarsvæðinu en fleiri störf voru merkt á höfuðborgarsvæðinu og öðrum landsvæðum, sem og sem óstaðbundin. Aðeins voru 30 störf auglýst sem eingöngu óstaðbundin en fleiri störf voru auglýst á einhverju landsvæði en einnig sem óstaðbundin. Þó ber að hafa í huga að staðsetning einhverra starfa gæti verið ranglega merkt.

Á meðal tillagna framkvæmdastjórnar í síðustu skýrslu var að bæta tölfræði um málefnið þannig að hún sé tiltæk og aðgengileg. Mikilvægt er að geta fengið reglulegt tölfræðiyfirlit um stöðu auglýstra starfa hjá ríkinu, verkefninu til stuðnings og aðhalds. Samkvæmt upplýsingum frá Fjársýslunni er þessum upplýsingum safnað og hægt að nálgast þær í ráðningakerfinu en hingað til hafa þær ekki verið unnar sérstaklega og því ekki birtar.

#### 3.2 Húsnæði fyrir óstaðbundin störf

Sem lið í því að ná markmiði um fjölgun starfa á landsbyggðinni viðheldur Byggðastofnun mælaborði með upplýsingum um mögulegt húsnæði á landsbyggðinni fyrir óstaðbundin störf. Upplýsingum var safnað saman með aðstoð landshlutasamtaka sveitarfélaga. Á þeim stöðum sem upplýsingar eru til um eru ríflega 120 starfsstöðvar fyrir einstaklinga. Landsbyggðin er því nú þegar vel í stakk búin til að taka á móti þessum störfum á vegum ríkisins og stofnana þeirra.



Hér að ofan er skjáskot sem sýnir stöðuna í lok árs 2023 en [kortinu](#) er ætlað að vera lifandi upplýsingabanki fyrir þá aðila sem hugsa sér að sinna óstaðbundnu starfi en einnig forstöðumenn ráðuneyta, stofnana og fyrirtækja. Inni á kortinu birtast ákveðnar grunnupplýsingar um viðkomandi staði ásamt tengilið sem hafa skal samband við ef áhugi er fyrir hendi. Kortið er unnið að beiðni innviðaráðuneytisins og er ætlunin að uppfæra upplýsingarnar sem þar birtast eins og þörf krefur.

#### 4. Staða á tillögum

Eftirfarandi eru þær tillögur sem gerðar voru í síðustu úttekt af framkvæmdastjórn verkefnisins með það að markmiði að draga fram áherslur stjórnvalda um að auka fjölda auglýstra óstaðbundinna ríkisstarfa á næstu árum ásamt því að auka gegnsæi á því hvernig þróun verður. Í skáletruðum texta neðst er gerð grein fyrir hvernig brugðist hefur verið við tillögnum:

1. **Ráðuneytin fylgi eftir áherslu um störf án staðsetningar.** Ráðuneytin leggi áherslu á stuðning til stofnana við að ráða í óstaðbundin störf. Tækifæri eru til þess t.d. í fjárveitingarbréfi sem stofnunum er sent árlega, sem og í tengslum við samþykkt á þriggja ára áætlun stofnana. Þá er tækifæri til þess að kalla eftir upplýsingum um framvinduna í tengslum við innlegg stofnana í ársskýrslu ráðherra sem birt er lögum samkvæmt fyrir 1. júní ár hvert.  
*Þetta er í höndum hvers ráðuneytis.*
2. **Fræðsla og hvatning til forstöðumanna.** Kjara- og mannauðssýsla ríkisins sjái, í samvinnu við Byggðastofnun, til þess að reglulega fari fram umfjöllun og fræðsla um óstaðbundin störf.  
*Það hefur verið fjallað um efnið bæði í upplýsingapóstum og á fundum með forstöðumönnum.*
3. **Tölfræði um framvindu markmiðsins sé tiltæk og aðgengileg.** Kjara- og mannauðssýsla tryggji, í samvinnu við Fjársýslu ríkisins, að tölfræði um atvinnuauglýsingar ríkisins sé aðgengileg, t.d. á vef Stjórnarráðsins, þar með talinn fjöldi auglýstra óstaðbundinna starfa á hverjum tíma eða tímabili. Tryggt sé að nýtt ráðningarkerfi ríkisins/Starfatorg standist kröfur um a.m.k. árlega úttekt á fjölda auglýsinga um óstaðbundin störf. Forsenda góðrar tölfræði er að ráðuneyti og stofnanir nýti ráðningarkerfi ríkisins við skráningu á lausum störfum á Starfatorg. Þá verði tryggt að tölfræði um óstaðbundin störf, sem unnin er á hverjum tíma, sé aðgengileg úr mannauðskerfum ríkisins.

*Þessum upplýsingum er safnað og hægt að nálgast þær í ráðningakerfinu. En hingað til hafa þær ekki verið unnar sérstaklega og því ekki birtar.*

4. **Leiðbeinandi samræmd viðmið um kostnaðarþáttöku.** Kjara- og mannauðssýsla vinni, í samráði við ráðuneyti og Byggðastofnun, viðmið um kostnaðarþáttöku stofnana vegna starfa sem eru óstaðbundin.

*Þessu hefur ekki verið hrint í framkvæmd enn þá.*